

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningargjafasjóð **54**
 sjúkraskýlisins í Vík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og **17. maí**
 kirkjumálaráðherra 17. maí 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningargjafasjóð sjúkraskýlisins í Vík í Mýrdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningargjafasjóður Sjúkraskýlisins í Vík“ og er stofnaður við fráfall Guðlaugar Halldórsdóttur og föður hennar Halldórs Jónssonar í Suður-Vík, í janúar 1926.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af minningargjöfum bæði frá erfingjum nefndra feðgina og við kaup á sjerstökum dánarminningarspjöldum, sem út hafa verið gefin fyrir sjúkraskýlið í Vík, og er nú að upphæð kr. 2000.00. Er ætlast til, að þessum minningarspjöldum sje haldið til sölu í Vík framvegis, og að sjóðnum hlotnist áfram tekjur af þemi, við fráfall þeirra manna, er einhverjir vilja minnast á þennan hátt, svo og af öðrum minningargjöfum, er menn kunna að vilja láta falla til hans.

3. gr.

Sjóður þessi skal vera til aðhlyningar sjúkraskýlinu í Vík, þannig, að grípa má til hans til nauðsynlegra endurbóta innanstokks í skýlinu, öflunar áhalda og muna, sem sjúklingum getur að haldi komið og miða til fullkomnunar stofnunarinnar sem spítala, án þess að gangi í rekstur eða viðhaldskostnað sjálfrar byggingarinnar. Loks má síðar meir, þegar hjer greindum tilgangi þykir fullnægt svo að vel sje, veita úr sjóðnum styrk fátækum sjúklingum, er dvelja í sjúkraskýlinu.

4. gr.

Fje sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Sparisjóði Vestur-Skaftafellssýslu í Vík eða í Landsbankanum í Reykjavík, og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign, en helmingi þeirra má verja samkvæmt 3. gr., þegar þurfa þykir. Þó má eigi byrja á veitingu úr sjóðnum fyr en árið 1930. Sjálfa sjóðseignina má aldrei skerða, en þegar hún er orðin 10 þús. kr., má verja öllum vöxtum samkvæmt 3. gr.

54

17. maí

Sjóðnum skal stjórnað af 5 manna nefnd, sem eru sjálfkjörnir sýslumaður Skaftafellssýslu og oddvitar Mýrdalshreppanna tveggja, sóknarprestur Mýrdalsþinga og einn maður, er nánustu ættmenn Guðlaugar Halldórsdóttur og Halldórs Jónssonar tilnefna.

5. gr.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum hans fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert, og senda þá endurskoðendum sjóðsins, en til þess starfa kjósa hreppsnefndir Mýrdalshreppanna 2 menn þriðja hvert ár.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari. Breytingar á ákvæðum hennar síðar skulu því aðeins gildar vera, að stjórn sjóðsins leggi þær til í einu hljóði, áður nefndar hreppsnefndir gefi þeim samþykki sitt og konungur staðfesti þær á venjulegan hátt.

55

17. maí

S A M Þ Y K T

um

sýsluvegasjóð í Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Eyjafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufjelaginu, greiðist úr sýsluvegasjóðnum.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Frá þjóðveginum hjá Kaupangi, suður austan Eyjafjarðarar að hreppamótum Öngulsstaða- og Saurbæjarhrepps.
2. Frá Saurbæ að Torfufelli.
3. Frá þjóðveginum á Moldhaugnahálsi norður með Eyjafirði að vestan og fram Svarfaðardal austan ár að Ytra-Hvarfi, þar yfir brýrnar að Hreiðarstöðum.
4. Frá Dalvík upp Svarfaðardal vestan ár að Atlastöðum.
5. Frá Ólafsfjarðarkauptúni vestan ár að Reykjum.
6. Frá Hörgárbrú ytri að Hörgárbrú á Helguhyl og frá austurenda þessarar brúar að Flöguseli.